

M-112/2016. Álit 18. september 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-112/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 19. desember 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þurrkara af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur þurrkarann gallaðann.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt þurrkara af gerðinni AEG af seljanda í október árið 2012. Verkstæðið Rafbraut hafi síðar staðfest að stjórnborð/stýring þurrkarans sé ónýtt en seljandi hefur haldið því fram að þurrkarinn sé ekki í ábyrgð. Segir álitsbeiðandi að stjórnborð eða stýring þurrkarans geti ekki flokkast undir eðlileg slit enda er hann aðeins fjögurra ára gamall og verið lítið notaður.

Engin gögn bærust með álitsbeiðni um það hvenær þurrkarinn var keyptur, fyrir hvaða fjárhæð eða hvenær hann hafi bilað. Þann 17. júlí 2017 var álitsbeiðanda því sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfunni.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson